

STJÓRNARTÍÐINDI B 74 — 1988

29. desember 1988

1391

Nr. 575

BÆJANÖFN O.F.L.

Menntamálaráðuneytið hefur – samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 um bæjanöfn o.fl. – gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum á árinu 1988:

Vestur-Ísafjarðarsýsla:

Hraun III á loðdýrabúi í landi Hrauns II, Mýrahreppi.

Skagafjarðarsýsla:

Hátún II á býli í landi Hátúns, Seyluhreppi.

Geldingaholt II á loðdýrabúi í landi Geldingaholts, Seyluhreppi.

Eyjafjarðarsýsla:

Möðruvellir IV á loðdýrabúi í landi Möðruvalla II, Arnarneshreppi.

Suður-Múlasýsla:

Skuggahlíð II á svínaræktarbýli í landi Skuggahlíðar, Norðfjarðarhreppi.

Menntamálaráðuneytið, 29. desember 1988.

Knútur Hallsson.

Runólfur Þórarinnsson.

29. desember 1988

Nr. 576

AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á áður staðfestu deiliskipulagi
í Hafnarfirði.**

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 16. nóvember 1988, fallist á og staðfest, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 þá breytingu á áður staðfestu deiliskipulagi í Hafnarfirði að í stað einbýlishúsa og raðhúsa við Setberg/Stuðlaberg verða parhús og raðhús og íbúðum fjölgar úr 18 í 40.

Félagsmálaráðuneytið, 29. desember 1988.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.